

7. gr.

Um greiðslur þínggjalda á árinu 2000 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 31. desember 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

gjaldskrár fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Rangárvallahreppi árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 2000, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli miðað við 1 poka á viku	7.764
b) Íbúðir í dreifbýli, þar sem pokahirða er ekki	3.882
c) Sumarhús	2.588
d) Fyrirtæki miðað við 1 pokagildi á viku (margf. í gámum)	7.764
e) Fyrirtæki með gáma, eyðingargjald (aðg. að sorphaugum) (annast sjálf leigu gáma og flutning á urðunarstað)	29.053

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 11. nóvember 1999 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir fyrir árið 2000. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti framangreinda gjaldskrá þann 30. nóvember 1999.

Hellu, 29. desember 1999.

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.